

Á slóðum Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn

*Leiðarvísir með þremur göngutúrum
Guðjón Friðriksson tók saman*



*Afmælisnefnd
Jóns Sigurðssonar*



*Alþingi
Íslendinga*

Á slóðum Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn


Jón Sigurðsson (1811-1879), foringi Íslendinga í frelsisbaráttu þeirra á 19. öld, bjó og starfaði alla sína fullorðinstíð í Kaupmannahöfn. Lengst af eða frá 1852 til dauðadags stóð heimili hans á 3. hæð hússins Østervoldgade 12 sem nú er í eigu Íslendinga og kallast Jónshús. Í þessum litla bæklingi er ætlunin að leiða fólk um nokkrar helstu slóðir Jóns í borginni en ótrúlega mikið af Kaupmannahöfn 19. aldar er enn með sömu ummerkjum og þá. Hugsa má sér þetta sem þrjár auðveldar gönguferðir og má hefja þá fyrstu frá Jónshúsi en tvær þær síðari frá Amagertorv á miðju Strikinu, aðra um gamla Háskólahverfið og nágrenni og hina um Hallarhólmann (Slotsholmen). Að lokum er bent á Skydebanen við Vesterbrogade.



Østervoldgade 12, Jónshús. JL.



Austurvegur (Østervold). Hvíta húsið til hægri er húsið sem Jón og Ingibjörg bjuggu í frá 1852 til dauðadags 1879, nú Jónshús. Þjms.



Kort frá 1839 sem sýnir Kaupmannahöfn innan bogarmúranna. Københavns Bymuseum.



Gífsafsteypa af brjóstmynd Jóns Sigurðssonar eftir norska myndhöggvarann Brynjulf Bergslien stóð á skrifpúlti Jóns í bókastofunni. BGB.



Út um eina gluggann á ganginum sér út í portið að húsabaki. Bakhlíðar húsanna voru gjarnan málaðar í gulum lit til að auka birtu inn um bakgluggana. BGB.

Jónshús


Húsið Østervoldgade 12 (Jónshús), þar sem Jón og Ingibjörg bjuggu, var nýlega reist af tóbakskaupmanninum Wilhelm Frímanni Schram, sem fæddur var á Skagaströnd á Íslandi, þegar þau fluttu í húsið árið 1852.

Við skulum skoða minningarstofurnar um Jón og Ingibjörgu í íbúð þeirra á þriðju hæð. Fyrst komum við inn í anddyri og þar blasir við langur gangur en fyrir enda hans var eldhús Ingibjargar með glugga út í portið. Á bak við það var lítið vinnukonuherbergi. Úr eldhúsinu var gengið út í bakstiga sem lá niður í portið og þar voru þá útikamrar. Frá



Østervoldgade nr. 8 (nú 12). Stokhusgade hægra megin. Íbúð Jóns og Ingibjargar var á 3. hæð. Þjms.


ganginum var gengið inn í herbergi eða stofur sem höfðu glugga móti Stokhusgade. Indriði Einarsson var heimagangur hjá þeim hjónum síðustu árin sem þau lifðu. Eftir lýsingu hans að dæma hefur herbergið næst eldhúsinu verið svefnherbergi þeirra þó að hann nefni það ekki beinlínis. Herbergið í miðið var bókasafn Jóns með hillum frá lofti til gólfs en jafnframt borðstofa. Þar gátu setið til borðs allt að sextán manns. Þar var og skrifpúlt Jóns og á því stóð gífsafsteypa af brjóstmynd norska myndhöggvarans Bergsliens af Jóni og var að jafnaði breitt yfir hana hversdags svo að hún safnaði ekki ryki. Nyrst í þessari röð var svo stásstofa, sem ekki var mikið notuð, en úr henni var gengið



Teikningin sýnir herbergjaskipan íbúðarinnar. BGB.



Indriði Einarsson var tíður gestur á heimili Jóns Sigurðssonar á námsárum sínum í Kaupmannahöfn. Hann ritaði skemmtilega frásögn af heimsókn til þeirra í endurminningum sínum. Þjms.



Langur og mjór gangur úr forstofunni í eldhúsið. JL.



Sigurður Jónsson, fóstursonur Jóns og Ingibjargar, ólst upp í íbúðinni við Austurvegg frá átta ára aldri. Þjms.



Skrifpúlt Jóns Sigurðssonar er varðveitt í Þjóðminjasafni. Þjms

inn í fimmhyrndu hornstofuna, öðru nafni dagstofu. Þar hafði Jón forseti skrifborð sitt undir hornlugganum en við vegginn næst stásstofunni var sófi og sporöskjulagað borð fyrir framan. Við þetta borð settust gestir, þegar opið hús var hjá Jóni og Ingibjörgu, og þar var rabbað saman, spilað, reykt og drukkið. Húsgögnin sem nú eru þarna til sýnis eru eftirlíkingar af húsgögnum Jóns og Ingibjargar sem geymd eru á Þjóðminjasafninu í Reykjavík.

Eftir lýsingu Indriða að dæma hafði Sigurður Jónsson, fóstursonurinn, herbergið hinum megin við hornstofuna sem vísar út að Østervoldgade. Í því herbergi lést Jón í desember 1879. Í risi hússins voru þurrkherbergi fyrir íbúa hússins og í kjallara eldi- viðargeymslur og fleira.



Lítill sýning var sett upp í eldhúsi Ingibjargar 2004, þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu hennar. Þar eru nokkrir munir úr förum hennar sem koma úr Þjóðminjasafni Íslands. JL

Jónshús hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1966 þegar Carl Sæmundsen stórkaupmaður, sem bjó og starfaði í Kaupmannahöfn, gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einaradóttur. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu. Þar er nú félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu og bókasafn. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn aðstöðu í húsinu.



Hornstofan í íbúð Jóns og Ingibjargar er búin húsgögnum í 19. aldar stíl. Skrifborðið og skrifborðsstóllinn eru eftirlíkingar af borði og stól Jóns sem eru í Þjóðminjasafni. Annar húsbúnaður er keyptur í fornverslunum. JL.




Bakdyratröppurnar úr eldhúsinu. Þar gengu um sendlar og vinnustúlkur með eldivið, kol og annan varning. JL.



Johanne og Carl Sæmundsen gáfu Alþingi Íslendinga hús þetta 17. júní 1966. BGB.

Fyrsta ganga:



Út á Tollbúð og Löngulínu og niður á Kóingsins nýja torg

„Það er mikið skemmtilegt að búa hér úti við borgarveggi og hafa skóginn og skemmtigangana rétt fyrir framan dyrnar,“ sagði Jón Sigurðsson í bréfi árið 1864. Þá stóð húsið Østervoldgade 12 (Jónshús) rétt við veggina eða virkismúrana sem umluku borgina, það stóð undir Austurvegg (Østervold), sem var þar sem járnbrautin liggur núna handan við götuna. Virkisgarðarnir eða veggirnir voru vinsælir af Kaupmannahafnarbúum til að ganga á sér til skemmtunar og yndisauka en handan við þá voru skógar, engi og sveita-býli. Sjálfur fór Jón í sinn daglega göngutúr, oft á veggjunum, og var þá ferðinni ekki síst heitið út á Löngulínu og Tollbúð. Þangað skulum við halda.



Virkisveggir og síki umluku borgina til varnar óvinum og umferð einungis hleypt um borgarhlíðin á daginn. Fyrir innan var borgin, þröng og aðkreppt af plássleysi, en fyrir utan biðu akrar bændanna, skógar og opin svæði. Jón Sigurðsson hafði það fyrir vana að fá sér göngutúra á virkisveggnum. JL.



Virkisgrafir við borgarvegginn. BGB.



Kirkja heilags Páls, sóknarkirkja Jóns Sigurðssonar síðustu ár ævinnar og íslenska safnaðarins í dag. Erl.

Við förum ekki eftir veggjunum, því þeir eru horfnir, en göngum þess í stað austur Stokhusgade sem kennd er við Stokkhúsið, eitt helsta fangelsi Kaupmannahafnar, en það stóð beint á móti Jónshúsi. Þar voru allt fram á daga Jóns íslenskir fangar og gat hann nánast horft yfir í fangelsisgarðinn út um stofugluggana hjá sér. Við beygjum til hægri við enda Stokhusgade og svo strax til vinstri inn Sankt Poulsgade og göngum hana á enda. Eftir að hafa farið yfir Kronprinsessegade blasir Sankt Poulskirke fljótlega við á vinstri hönd. Hún var reist á árunum 1872-73 og hefur því verið sóknarkirkja Jóns og Ingibjargar á síðustu árum þeirra. Nú er hún sóknarkirkja íslenska safnaðarins í Kaupmannahöfn.



Þar kom að borgin rúmaðist ekki lengur innan virkisveggjanna og þeim var mokað ofan í síkin. Myndin er tekin 1912, þegar síðustu veggirnir voru rifnir. Hvíta húsið á horninu er Jónshús. Erl.

Litlu lengra taka við Nýbúðirnar (Nyboder) sem upphaflega voru hugsaðar sem félagslegt íbúðarhverfi fyrir fjölskyldur danskra sjóliða. Í elsta hluta þeirra, sem enn stendur við Sankt Poulsgade og er frá árinu 1631, er lítið minjasafn um þær sem gaman er að skoða. Við höldum áfram götuna á enda og beygjum til vinstri upp Store Kongensgade og síðan til hægri út Esplanaden sem hét Toldbodvej á dögum Jóns Sigurðssonar. Um Esplanaden, sem upphaflega var lögð sem lystigata fyrir borgara Kaupmannahafnar, lá jafnan leið Jóns Sigurðssonar þegar hann fór út á Tollbúð eða Löngulínu.



Nýbúðir, Nyboderne, eins konar smáíbúðahverfi sem Kristján IV lét reisa handa sjóliðum sínum. JL.




Kristján IV, oft kallaður byggingameistari Kaupmannahafnar, fyrir framan Nyboderne. JL.



Hollenska myllan á virkisveggnum við Kastallet. JL.

Til vinstri blasir við Kastallet sem er hervirki í laginu eins og fimmarmastjarna. Þar er aðsetur danska hersins og hefur verið allt frá árinu 1664. Á útskotunum eða hornvígum (bastioner) voru fallbyssuhreiður en fyrir utan virkisveggina eru síki til að torvelða óvinunum að ráðast inn fyrir. Hér má sjá hvernig hin víggirta Kaupmannahöfn leit út á dögum Jóns Sigurðssonar. Kastallet er opið almenningi á daginn. Gengið er inn frá Esplanaden, fyrst á brú yfir síki út á forvirki (ravelin) og síðan yfir aðra brú að rammgeru hliði sem er svipaðrar gerðar og gömlu borgarhliðin voru (Vesterport, Østerport og Amagerport). Þegar inn fyrir er komið er hægt að ganga upp á veggina og á einum stað er gömul hollensk vindmylla, Kastalamyllan frá 1847, en slíkar myllur voru hvarvetna á veggjum Kaupmannahafnar á dögum Jóns. Hvergi er betra að drekka í sig andrúmsloft hinnar gömlu víggirtu borgar en hér.



Nyboderne lengst t.v., Kastallet eins og fimmarmastjarna og Tollbúðin neðst til hægri. Københavns Bymuseum.

Við göngum nú aftur út og fram hjá ensku kirkjunni, sem kennd er við St. Alban, og Gefjunargosbrunninum og út á Löngulínu. Áður fyrr var hún lokuð almenningi af hernaðarástæðum og þurfti að fá aðgöngumiða til að geta gengið þar meðfram ströndinni. Eftir fall einveldisins 1848 var hún opnuð öllum og varð fljótt upphaldsgönguleið Kaupmannahafnarbúa, þar á meðal Jóns Sigurðssonar. Benedikt Gröndal segir í Dægradvöl: „Ég var á bókasöfnum venjulega allan tímann sem þau voru opin frá 11-3 og var Jón Sigurðsson þar því nær ætíð þegar hann var ekki á þingi. Við urðum ætíð samferða út og gengum þá oftast út á Löngulínu eða eitthvað út fyrir bæinn og töluðum um ýmislegt ... Jón var ekki laus við að vera barnalegur í aðra röndina, eins og ég, og var þetta hin mesta skemmtun.“ Við Löngulínu, sem liggur með sjónum, er ýmislegt að sjá en flestir staldra við Litlu hafmeyjuna sem situr þar á steini við ströndina. Hún er eftir myndhöggvarann Erik Eriksen sem var íslenskur að móðurkyni.



Góðborgararnir spásséra úti á Löngulínu. Erl.



Gefjunargosbrunnurinn. Gefjun breytti fjórum sonum sínum í uxa og plægði upp land í Svíþjóð og henti því í Eyrarsund, það er nú Sjáland. Landið sem hún plægði er nú vatnið Lögurinn. Erl.



Litla hafmeyjan, líklega frægasta höggmynd Dana. JL.



Kæðjustund við Tollbúðina. Hér stigu menn fyrst á land með þjónkur sínar og sneru á skipsfjöl að námi loknu. Københavns Bymuseum.



Ljónin verja borgina fyrir óvinum. JL.

Við förum til baka og niður að Tollbúðinni við sjóinn. Þar tóku Íslendingarnir yfirleitt land þegar þeir komu í fyrsta sinn til Danmerkur og þangað lögðu þeir, sem bjuggu í Kaupmannahöfn, leið sína þegar von var á skipum frá Íslandi. Þarna eru lendingartröppur úr graníti frá 1848, hlið með ljónsmýndum frá 1856, gamlar tollbúðarbyggingar og stytur af verndarguðum Kaupmannahafnar, Merkúríusi, guði verslunar, og Neptúni, guði hafsins.

Við höldum nú áleiðis eftir Amaliegade í áttina að borginni. Á horninu við Esplanaden var veitingastaðurinn Toldbodbørs þar sem Jón Sigurðsson fékk sér stundum að borða.




Tollbúðin, Nordre Toldbod. Hlið sáfarenda að borginni við Sundin. JL.

Við götuna til hægri handar er Kunstindustrimuseet í 18. aldar byggingum sem ná alveg upp að Bredgade. Í þessum gömlu byggingum var áður Friðriksspítali (Det kgl. Frederiks Hospital) allt til ársins 1910. Þar lá Jón Sigurðsson í brjóstveiki í júní og júlí 1835 og þar dó Jónas Hallgrímsson í maí 1845.

Nokkru vestar við götuna (nr. 22) bjó Magnús Eiríksson guðfræðingur, einn af vinum Jóns Sigurðssonar, byltingarárið 1848. Hann bjó í litlu herbergi á efstu hæð. Gísli Brynjólfsson segir frá Félagsritafundi heima hjá Magnúsi í dagbók sinni 18. maí:

„Margir menn voru úti í kvöld því það er aðfaradagur kóngsbænadags og þá er siður Dana, einkum kvenna, að vera mjög á gangi. Til Magnúsar Eiríkssonar kl. 8. Þar voru Félagsritamenn. Ég heyrði á Jóni Sigurðssyni að honum líkuðu vel Kristjánsmál [kvæði Gísla um Kristján VIII] og það gladdi mig ... Það er annars fagurt útlits þar sem Magnús býr í Amaliugötunni, í henni er alltaf einhver heilög kyrrð og þagnarblíða. Fórum allir að borða á Toldbodbørs og hlógum að Dönum.“



Frederiks Hospital 1764. Københavns Bymuseum.



Jónas Hallgrímsson. Teikning eftir Sigurð Guðmundsson málara. Þjms.



Mjórri dyrnar hjá vaktinni, hér var gengið inn í herbergi Bókmennta-félagsins. JL.



Gangurinn fyrir framan herbergi Bókmenntafélagsins. JL.

Og nú erum við komin að sjálfri konungshöllinni Amalienborg sem í raun eru fjórar hallir í rokokóstíl eftir Eigtved, arkitektinn sem teiknaði einnig Viðeyjarstofu. Við göngum yfir torgið að súlnagöngunum sem tengja saman Schacks Palæ, þar sem Margrét drottning býr, og Moltkes Palæ þar sem nú eru móttökusalir konungsfjölskyldunnar. Árið 1853 fékk Jón Sigurðsson, sem þá var orðinn forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags, nokkur herbergi í Moltkes Palæ undir starfsemi félagsins en danska utanríkisráðuneytið var um þær mundir til húsa í þeirri höll. Herbergi Bókmennta-félagsins voru í hliðarálmunni sem liggur að súlnagöngunum. Þar sat Jón oft við vinnu sína og boðaði Íslendinga á fund sinn þar. Í fundarboði frá honum er sagt að gengið sé inn um mjórri dyrnar hjá vaktinni í súlnagöngunum. Sú hurð er nærri ósýnileg nú til dags þar sem hún er klædd eins og veggurinn.



Amalienborg. Til hægri er Moltkes Palæ en í húsínu fyrir miðju hafði Bókmenntafélagið skrifstofur í mörg ár. JL.

Þess skal getið að krónprinsjónin hafa nú athvarf í herbergjum Bókmenntafélagsins. Þar geta þau búið sig undir veislur hjá drottningu og gengið óséð eftir launganginum sem liggur milli hallanna yfir súlnagöngunum.

Og áfram höldum við vestur Amaliegade. Á nr. 18 er Det Gule Palæ. Þar bjó lengi Valdimar prins, sonur Kristjáns IX. Ráðskona hjá honum var íslensk kona, Þóra Pálsdóttir. Hún var áður vinnukona hjá Jóni og Ingibjörgu í Østervoldgade. Á nr. 14 er svissneska sendiráðið. Það hús átti og þar bjó P.C. Knudtzon, einn voldugasti íslenski kaupmaðurinn á 19. öld. Í verslun hans í Reykjavík var Jón Sigurðsson búðarloka 18 ára gamall en árið 1840 lenti Jón í harðvítugri ritdeilu við Knudtzon á síðum Kaupmannahafnarblaða. Það voru fyrstu opinberu afskipti Jóns af þjóðmálum.



Viðhafnarsalur í Moltkes Palæ. JL.



Stiginn upp á bókalofðið í höllinni. JL.



Det Gule Palæ við Amaliegade nr. 18. JL.



Kór Garnisonkirkjunnar. JL.



Líkhús Garnisonkirkjunnar. JL.

Við beygjum upp Skt. Annæ Gade vestan megin. Þar verður fljótlega fyrir okkur Garnisonkirkjan sem reist var á árunum 1703-1706. Í kirkjunni fór fram minningarathöfn um Jón Sigurðsson 13. desember 1879 og var mikið við haft. Kistan, skreytt blómsveigum, stóð fyrir framan altarið og var tvöföld röð ljósastika og blóma báðum megin við hana. Kirkjan var og öll skreytt að frumkvæði Tryggva Gunnarssonar kaupstjóra sem þá bjó í Kaupmannahöfn. Mikið fjölmenni var viðstatt. Þar voru allir Íslendingar í Kaupmannahöfn sem áttu heimangengt og einnig fjöldi danskra manna. Frí er gefið í báðum deildum danska þingsins þennan dag, bæði til að þingmenn geti verið viðstaddir og til að heiðra hina íslensku frelsishetju. Tvær íslenskar konur, sem



Minningarathöfn um Jón Sigurðsson fór fram í Garnisonkirkjunni 13. desember 1879 að viðstöddu miklu fjölmenni. Erl.

voru viðstaddir, skýrðu síðar frá því að í kirkjuna hefði komið kona, ein síns liðs, í hærra lagi, tíguleg í framgöngu, sorgarbúin og með svo þétta svarta slæðu að andlitsdrættir hennar urðu ekki greindir. Hún tók sér sæti framarlega í kirkjunni og þegar athöfnin byrjaði setti að henni óviðráðanlegan ekka. Margar getgátur voru uppi um hver þessi kona væri, jafnvel að hún hefði verið ástkona Jóns. Aðeins þremur dögum eftir þessa athöfn dó Ingibjörg Einarsdóttir, eiginkona Jóns. Kistur þeirra voru síðan látnar standa uppi í líkhúsi Garnisonkirkju til vors en þá voru þær fluttar til greftrunar í Reykjavík.



Gömlu bátarnir í Nýhöfninni setja vinalagan svip á umhverfið. JL.



Ingibjörg Einarsdóttir. Þjms.



Jón Sigurðsson. Þjms.



Gísli Brynjólfsson. Þjms.



Elgurinn, sem staðurinn heitir eftir. JL.

Aftan við kirkjuna liggur Store Strandstræde skáhallt í áttina að Kónsins nýja torgi. Við göngum það og lítum aðeins á fallett hús sem er nr. 18. Hér er aðsetur Norrænu ráðherranefndarinnar en áður var þetta hús vínkaupmannsins og menningarfrömuðarins Mozart Waagepetersen. Vínverslun hans var í kjallaranum og þar var Jón Sigurðsson í reikningi. Í Store Strandstræde nr. 7 bjó Gísli Brynjólfsson uppi á efstu hæð í nokkur ár ásamt móður sinni. Hann var náinn samherji og samverkamaður Jóns en snerist síðan algerlega á móti honum og varð einn helsti andstæðingur hans.

Rétt þegar komið er út að Nýhöfninni verður fyrir okkur veitingahúsið Els sem á dögum Jóns Sigurðssonar hét Grandjean en Íslendingar kölluðu Stóra Jón. Heimildir eru um málsverði Jóns Sigurðssonar á staðnum en þar er allt inni með sama sniði og var á hans dögum. Er vel þess virði að fá sér þar frúkost eða kvöldverð og drekka í sig andrúmsloft 19. aldar. Á veggjum eru upprunalegar freskómyndir sem sýna árstíðirnar og gyðjur dans og tónlistar. Sjálft ævintýraskáldið H.C. Andersen orti vígslukvæði þegar staðurinn var opnaður 1853.



Veitingahúsið Els, áður Grandjean, en þangað kom Jón Sigurðsson oft. Sömu veggmálverkin skreyta enn staðinn JL.

Frá veitingahúsinu Stóra Jóni göngum við út á Kónsins nýja torg. Til vinstri verður fyrst fyrir okkur Charlottenborg þar sem Danska listaakademían hefur verið til húsa frá árinu 1753. Nokkru lengra blasir við bygging Konunglega leikhússins frá árinu 1874. Jón Sigurðsson var tíður leikhúsgestur og lét sig heldur ekki vanta á vorsýningum sem haldnar voru árlega í Charlottenborg og voru meðal helstu listviðburða borgarinnar.



Leikritaskáldið Ludvig Holberg situr fyrir framan Konunglega leikhúsið. JL.



Riddarastytten af Kristjáni V á miðju Kónsins nýja torgi. JL.



Charlottenborg Slot, heimili Listaakademíunnar. JL.



Cafe a Porta er enn með sömu ummerkjum og þegar Jón forseti bauð ungum stúdentum upp á portvín og mjóan vindil. JL.



Hviids Vinstue státar af stofnárinu 1723. JL.

Til hægri við Magasin du Nord, sem nú er framundan, er áföst lægri bygging á horninu við Lille Kongensgade. Þar er eitt elsta og virðulegasta veitinga- og kaffihús borgarinnar, kennt við Svisslendinginn Stefan A. Porta og er frá 1857 í núverandi mynd. Áður hafði Porta verið í rekstri með öðrum Svisslendingum, Jacob Mini, sem Íslendingar kölluðu Mjóna, og Gaudenz Gianelli, sem Íslendingar kölluðu Njál. Margar frásagnir eru til af Jóni Sigurðssyni og félögum hans hjá Mjóna og Njáli. Eftir að Porta tók við og opnaði þennan fína stað héldu Íslendingar áfram að kalla hann Mjóna. Þangað er ómaksins




Hviids Vinstue er ein frægasta kjallarakráin í Kaupmannahöfn og vinsæl meðal Íslendinga fyrr og nú. JL.

vert að fara inn og fá sér bjórkollu eða kaffibolla og virða fyrir sér umhverfið. Á horninu á móti er svo Hviids Vinstue, sem Íslendingar kölluðu Hvít, dæmigerð 19. aldar kjallarakrá.



Gatan Landemærket. Horft í átt að Prenningarkirkju og Sívalaturni árið 1872. Eftir að Jón Sigurðsson flutti af Garði 1838 bjó hann um tíma í leiguherbergi í Landemærket. Københavns Bymuseum.

Önnur ganga:



Háskólahverfið og nágrenni

Nú leggjum við í hann frá Amagertorv sem er stórt opið svæði og hluti af verslunargötunni Strikinu. Önnur helsta verslunargatan er Købmagergade og liggur hún í sveig norður frá Amagertorv. Hana göngum við. Við skulum þó aðeins bregða okkur inn í Silkegade sem er fyrsta þvergatan á hægri hönd. Þar til vinstri handar í húsnúmerinu 11 er elsta fornbókasala Norðurlanda, Herman H.J. Lynges, stofnuð 1821. Jón Sigurðsson var mesti bóka- og handritasafnari Íslands, næstur á eftir Árna Magnússyni, og hann var í föstum reikningi hjá Lynges fornbókasala og eins og grár köttur hjá honum. Enn er sá bragur á þessari gömlu verslun að maður gæti ímyndað sér að Jón væri þar enn í reikningi. Reyndar bjó Jón í Silkegade 13 á árunum 1843-1845 en það hús er löngu horfið.



Fornbókasalan Herman H.J. Lynges. JL.



Storkagosbrunnurinn á Amagertorgi. BGB.



Verslun J.G. Schwartz & sön. BGB.

Við höldum áfram Silkegade stuttan spöl og beygjum síðan til vinstri inn Pilestræde. Eftir skamman spöl komum við að þvergötunni Sværtegade til hægri. Inn í hana skjótumst við sem snöggvast. Þar á vinstri hönd nr. 3 sjáum við verslunarskiltið J.G. Schwartz & sön. Þetta var listmuna- og regnhlífaverslun, stofnuð 1847, sem þau Jón og Ingibjörg skiptu mikið við. Verslunin sjálf er að vísu hætt en skilti hennar og verslunarinnrétt-ingarnar innan dyra frá 19. öld eru friðaðar. Skáhallt á móti var einu sinni húsið Sværtegade 2-4 sem nú er horfið. Í því leigði Jón sér herbergi veturinn 1840-1841 þegar hann var að undirbúa fyrsta árganginn af Nýjum félagsritum.

Og aftur til baka. Kronprinsensgade liggur í beinu framhaldi af Sværtegade í áttina að Købmagergade. Í nr. 7 við þá götu voru húsakynni danskra frímúrara (Frimurerlogen) á árunum 1805-1868. Í þeim hélt Det kgl. nordiske oldskriftselskab (Norræna fornfræðafélagið) stundum fundi sína. Jón Sigurðsson var skjalavörður félagsins og hingað boðaði hann menn til dæmis til fundar 20. maí 1858. Þar við hliðina, í Kronprinsensgade 5, er Perchs Thehandel, einhver elsta verslun Kaupmannahafnar sem enn starfar á sama stað. Hún var stofnuð hér 1835 og með því að fara inn í hana getur maður skynjað hvernig verslanir voru á dögum Jóns Sigurðssonar.



Það er allt með gömlum brag í tebúðinni hjá Perch. JL.



A.C. Perchs Thehandel við Kronprinsensgade nr. 5. JL.

Á horninu við Købmagergade, til vinstri handar, er stórt rautt hús. Þar uppi á efstu hæð bjó alla sína tíð C.C. Ravn sem var aðalmaðurinn í Norræna fornfræðafélaginu og náinn samverkamaður Jóns Sigurðssonar. Ravn átti einnig mestan heiður af stofnun Landsbókasafns Íslands. Á heimili Ravn hér í þessu rauða húsi var Jón heimangangur.

Við göngum nú áfram Købmagergade til norðurs og beygjum inn í götuna Klareboder sem er næsta þvergata til hægri. Þar beint á móti hinum gömlu höfuðstöðvum Gyldendals er húsið Klareboderne 10. Uppi á efstu hæð bjuggu Jón Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir á árunum 1846-1850, einmitt á þeim árum sem einveldið féll í Danmörku. Meðan úfar risu hátt í Kaupmannahöfn og undir áhrifum atburðanna sat Jón Sigurðsson í íbúð sinni á 3. sal í húsinu Klareboderne 10 og samdi sína frægustu ritgerð, Hugvekju til Íslendinga. Hún var stefnumarkandi fyrir Ísland á viðsjárverðum tímum. Hann vildi koma Íslandi á blað með þjóðum Evrópu sem voru að rísa upp gegn gömlum valdstjórn-um. Jón hóf ritgerð sína á fleygum orðum: „Dagur er upp kominn ...“

Beint á móti Klareboder við Købmagergade er hið gamla aðalpósthús Kaupmannahafnar sem svo hefur verið allt frá árinu 1779. Þangað hafa Jón og aðrir Kaupmannahafnar-Íslendingar átt tíð spor.



Á efstu hæð í Klörubúðum nr. 10 bjuggu Jón og Imba þegar hann skrifaði „Hugvekju til Íslendinga“. JL.



Klareboderne nr. 10. BGB.



Gamla aðalpósthúsið við Købmagergade. BGB.



Hér á loftinu yfir Prenningarkirkjunni var háskólabókasafnið til 1861 og þar með íslensku handritin. JL.



Kamarinn í Sívalaturni. JL.

Litlu norðar við Købmagergade er hinn merkilegi Sívalitur sem er kirkjuturn Prenningarkirkju. Kirkjan og turninn voru reist af Kristjáni IV árið 1642. Við göngum inn í turninn en verðum að borga fyrir að fá að fara hringveginn sem liggur upp hann. Hér erum við komin í alfaraleið 19. aldar Íslendinga því á kirkjuloftinu var Háskólabókasafnið og Árnasafn allt til ársins 1861. Þar við handritin og útgáfu þeirra unnu jafnan Íslendingar, þeirra á meðal Jón Sigurðsson. Hann var annar tveggja styrkþega Árnasafns frá 1835 og ritari Árnanefndar, sem sá um safnið, frá 1848. Til að komast inn á kirkjuloftið þurfti og þarf enn að ganga upp hringveginn í Sívalaturni. Þegar Íslendingar unnu við Árnasafn kölluðu þeir það að vera „á turni“. Nú eru sýningarsalir á kirkjuloftinu og forvitnilegt er einnig að skoða gamalt og þröngt náðhús eða kamar við hliðina sem gengið er inn í frá hringveginum og er til sýnis. Þangað hafa Jón og aðrir Íslendingar gengið erinda sinna.



Ferðamenn röltu niður snigilinn í Sívalaturni. Það eru rúmir nfu hringir upp á topp. JL.

Beint á móti Sívalaturni er Collegium Regium, öðru nafni Regensen, sem Íslendingar kölluðu Garð. Þetta eru mjög fornar byggingar sem liggja í ferhyrning um húsport, elsti hluti þeirra er nær 400 ára gamall. Allt frá árinu 1579 nutu íslenskir stúdentar þeirra forréttinda að fá ókeypis vist á Garði í fjögur ár meðan þeir stunduðu nám við Kaupmannahafnarháskóla. Þegar Jón Sigurðsson fékk inni á Garði eftir áramótin 1834 var þar þá eitt helsta hreiður róttækra afla í Kaupmannahöfn og má segja að íslensk sjálfstæðisbarátta hafi orðið þar til á þeim árum. Gengið er inn á Garð um stórt hlið við Store Kannikestræde og er þá komið inn í húsportið með hinu fræga linditré. Garði er skipt niður í nokkra ganga og hefur hver gangur sitt númer. Er gengið inn á þá frá portinu. Því miður er það ekki opið almenningi en stundum er þó hægt að fá leyfi til að fara þar inn. Jón Sigurðsson var á Garði í fjögur ár og nærri allan tímann bjó hann á



Regensen eða Garður. Linditréð á afmæli í maí og þá er haldin mikil Lindarveisla. BGB.



Garðsportið. JL.



Stiginn á 3. gangi á Garði. JL



Útidyr á 6. gangi, þar var Jón allra fyrst eftir að hann fékk inni á Garði.



Gluggi á herbergi Jónasar Hallgrímssonar á 3. gangi. BGB.

sama herberginu, nú númer 5 uppi á annarri hæð á þriðja gangi, og sneru gluggarnir inn að portinu.

Fyrsta ár Jóns bjó Jónas Hallgrímsson skáld í herberginu við hliðina en hans gluggar sneru út að Store Kannikestræde og má sjá þá á annarri hæð til hægri við hliðið. Ávallt voru tveir stúdentar saman um húsnæði, kallaðir contubernalis. Höfðu þeir tvö samliggjand herbergi til umráða, innra herbergið var til lestrar, kallað museum, en hið ytra var svefnherbergi, kallað cubiculum.



Í þessu herbergi á 3. gangi bjó Jón Sigurðsson þrjú síðustu ár Garðvistar sinnar. JL.


Við göngum nú áfram fram með Garði og veitum athygli veitingahúsi í kjallara á horninu við Lille Kannikestræde. Þetta er Det lille apotek sem hér hefur verið í næstum 300 ár. Þar er gaman að borða, ekki síst með þá vitneskju í huga að allir Kaupmannahafnar-Íslendingar, allt frá því um 1720, hafa komið hér við. Litlu lengra til hægri handar er stúdentagarðurinn Borch Collegium við Store Kannikestræde 12. Þar uppi á efstu hæð til hægri er fallegur klassískur salur þar sem fundir Hins íslenska bókmenntafélags voru ávallt haldnir á dögum Jóns Sigurðssonar en hann var ritari félagsins frá 1841 og forseti þess frá 1851 til æviloka.



Fundarsalur í Borch Collegium þar sem fundir voru jafnan haldnir í Hinu íslenska bókmenntafélagi undir stjórn Jóns Sigurðssonar. JL.



Det lille apotek. JL.



Det lille apotek er vinalægur veitingastaður með eka danskan mat á boðstólum. JL.



Klosterstræde 22. JL.




Klosterstræde 21. JL.

Við snúum við og tökum á okkur dálítinn krók, förum inn í hið örstutta Lille Kannikestræde, sem við gengum fram hjá áðan, beygjum svo til hægri eftir Skindergade dálítinn spöl og svo til vinstri inn Klosterstræde. Þar á vinstri hönd verður fljótt fyrir okkur húsið nr. 22. Þar á annarri hæð leigði Jón Sigurðsson herbergi á árunum 1838-1840 hjá skraddarafjölskyldu og var Páll Melsteð lengst af herbergisfélagi hans þar. Í janúar 1840 lagðist Jón alvarlega veikur í þessum húsakynnum og lá fram á sumar. Samkvæmt lýsingu hans sjálfs leikur lítill vafi á að sjúkdómurinn var sárasótt (syfilis) sem þá var mjög algeng í Kaupmannahöfn. Í legunni hér varð Jón fyrst verulega pólitískur og árið eftir stofnaði hann Ný félagsrit.


Dálítið lengra inn með Klosterstræde hinum megin við götuna er hús glermeistarans, nr. 21. Þar á annarri hæð bjó Finnur Magnússon leyndarskjalavörður síðustu tíu ár ævi sinnar en hann dó árið 1848. Jón Sigurðsson var mjög nákominn honum enda taldi Finnur að Jón yrði eftirmaður sinn sem helsti meistari norrænna fræða í Kaupmannahöfn. Þegar þeir Jón og Páll Melsteð bjuggu á nr. 22 fóru þeir á hverju laugardagskvöldi til Finns og drukku með honum púns. En svo vinnusamur var Jón að þegar hann kom heim settist hann niður til að vinna upp glataðan tíma.



Séð yfir háskólahverfið af þaki Sívalaturns. Frúarkirkjan miðsvæðis. JL.



Háskólabókasafnið við Fiolstræde var tekið í notkun 1861. Þar sat Jón Sigurðsson löngum stundum yfir íslenskum handritum. Húsameistarinn hafði ítalska kirkju sem fyrirmynd þegar hann teiknaði húsið, en burðarvirkið er úr járn. JL.



Hér í þessu skoti, innst í salnum, voru íslensku handritin í Árnasafni varðveitt. JL.